

27. ágúst 1969.

383

Nr. 84.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 48 7. maí 1946, um gagnfræðanám.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Menntamálaráðherra hefur tjáð mér, að Skólarannsóknir menntamálaráðuneytisins hafi um nokkurt skeið unnið að athugun á framhaldsnámi í gagnfræðaskólum fyrir þá, sem lokið hafa landsprófi miðskóla eða gagnfræðaprófi. Nefnd, sem skipuð var 4. júlí s. l., hefur nú athugað málið nánar, haft um það samband við sveitarfélög og skilað tillögum um, að þegar í haust verði efnt til slíks framhaldsnáms í tilraunaskyni í samráði við þau sveitarfélög, sem lýsa sig reiðubúin til þess að eiga aðild að þessu skólahaldi.

Gildandi lög um gagnfræðanám gera ekki ráð fyrir framhaldsnámi í gagnfræðaskólum. Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkv. 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Við lög nr. 48 7. maí 1946, um gagnfræðanám, bætist:

„VIII. KAFLI

Framhaldsdeildir.

65. gr.

Heimilt er með leyfi menntamálaráðuneytisins að stofna til allt að tveggja ára framhaldsdeildir við gagnfræðaskóla, er taki við nemendum að loknu gagnfræðaprófi eða landsprófi miðskóla samkvæmt nánari ákvæðum, er sett verði í reglugerð.

66. gr.

Kostnaður við framhaldsdeildir skal greiddur af ríki og sveitarfélögum í samræmi við lög nr. 49/1967 um skólakostnað.“

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. ágúst 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi P. Gíslason.